

VEÐURFRÆÐI



Ýmislegt nr. 21 (1974)

# *SAMNINGUR*

**um stofnun**

**Evrópumiðstöðvar**

**fyrir**

**meðallangar veðurspár**

ásamt bókun um sérreittindi og friðhelgi

Brussel 11. október 1973 - 11. apríl 1974

[Samningurinn og bókunin eru ekki í gildi]

*Lagt fyrir þingið  
Af utanríkisráðherra  
samkvæmt tilskipan hennar hátignar  
Júní 1974*



## SAMNINGUR UM STOFNUN EVRÓPUMIÐSTÖÐVAR FYRIR MEÐALLANGAR VEÐURSPÁR

[Hans hátign konungur Belgíu, hennar hátign drottning Danmerkur, forseti Sambandslýðveldis Þýskalands, þjóðhöfðingi Spánar, forseti Lýðveldis Frakklands, forseti Lýðveldis Grikklands, forseti Írlands, forseti Lýðveldis Ítalíu, þjóðhöfðingi Alþýðulýðveldis Júgóslavíu, hennar hátign drottning Hollands, forseti Lýðveldis Portúgal, forseti Ríkjasambands Sviss, forseti Lýðveldis Finnlands, hans hátign konungur Svíþjóðar, hennar hátign drottning hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands,]

**MEÐ HLIDSJÓN AF** mikilvægi verulegra úrbóta á sviði meðallangra veðurspáa fyrir efnahag Evrópu;

**MEÐ HLIDSJÓN AF ÞVÍ** að vísinda- og tæknirannsóknir sem framkvæmdar eru í þessum tilgangi verði mikilvæg hvatning fyrir þróun veðurfræði í Evrópu;

**MEÐ HLIDSJÓN AF ÞVÍ** að úrbætur á meðallöngum veðurspám muni bæði vernda og stuðla að öryggi íbúa;

**MEÐ HLIDSJÓN AF ÞVÍ** að til að markmiðum þessum verði náð er þörf á meiri aðföngum en yfirleitt telst vera raunhæft á landsvísu;

**MEÐ HLIDSJÓN AF ÞVÍ** að svo virðist af skýrslu sem nefnd er ber ábyrgð á verkefnaundirbúningi varðandi stofnun sjálfstæðrar alþjóðlegrar Evrópumíðstöðvar sé viðeigandi leið til að ná slíkum markmiðum;

**MEÐ HLIDSJÓN AF ÞVÍ** að slík miðstöð gæti einnig orðið til aðstoðar við þjálfun vísindamanna að loknu háskólanámi;

**MEÐ HLIDSJÓN AF ÞVÍ** að starfsemi slíkrar miðstöðvar mun enn fremur stuðla að nauðsynlegum framlögum til ákveðinna áætlanna á vegum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO), sér í lagi alþjóðlega veðurathuganakerfisins (WWW) og alþjóðlegrar rannsóknar á lofthjúpnum (GARP), á vegum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar og Alþjóðavísindasambandsins (ICSU);

**MEÐ HLIDSJÓN AF ÞVÍ** hvaða þýðingu stofnun slíkrar miðstöðvar getur haft fyrir þróun gagnavinnsluþæðnaðar í Evrópu,

**HAFNA ÁKVEÐIÐ** að stofna Evrópumíðstöð fyrir meðallangar veðurspár og að skilgreina við hvaða skilyrði hún skal starfa og hafa í því skyni skipað eftirfarandi fulltrúa sem hafa fullt umboð

Hans hátign konungur Belgíu

Hr. Joseph Van der Meulen,  
Sérstakur sendiherra og fastafulltrúi Belgíu hjá Evrópubandalögunum;

Hennar hátign drottning Danmerkur

Hr. Niels Ersboll,  
Sérstakur sendiherra og fastafulltrúi Danmerkur hjá Evrópubandalögunum;

Forseti Sambandslýðveldisins Þýskalands

Hr. Ulrich Lebsanft,  
Sérstakur sendiherra og fastafulltrúi Sambandslýðveldisins Þýskalands hjá  
Evrópubandalögunum;

Þjóðhöfðingi Spánar

Hr. Alberto Ullastres Calvo,  
Sérstakur sendiherra, yfirmaður sendinefndar Spánar hjá Evrópubandalögunum;

Forseti Lýðveldisins Frakklands

Hr. Emile Cazimajou,  
Sérstakur varafastafulltrúi Frakklands hjá Evrópubandalögunum;

Forseti Lýðveldisins Grikklands

Hr. Byron Theodoropoulos,  
Sérstakur sendiherra og fastafulltrúi Grikklands hjá Efnahagsbandalagi Evrópu;

Forseti Írlands

Mr. Brendan Dillon,  
Sérstakur sendiherra og fastafulltrúi Írlands hjá Evrópubandalögunum;

Forseti Lýðveldisins Ítalíu

Hr. Giorgio Bombassei Frascani de Vettor,  
Sendiherra Ítalíu, fastafulltrúi Ítalíu hjá Evrópubandalögunum;

Þjóðhöfðingi Alþýðulýðveldisins Júgóslavíu

Hr. Petar Miljevic,  
Sérstakur sendiherra, yfirmaður sendinefndar Júgóslavíu hjá Evrópubandalögunum;

Hennar hátign drottning Hollands

Hr. E. M. J. A. Sassen,  
Sérstakur sendiherra og fastafulltrúi Hollands hjá Evrópubandalögunum;

Forseti Lýðveldisins Portúgal

Hr. Fernando de Magalhaes Cruz,  
Sérstakur sendiherra og yfirmaður sendinefndar Portúgal hjá Evrópubandalögunum;

Forseti Ríkjasambandsins Sviss

Hr. Paul Henri Wirth,  
Sérstakur sendiherra, yfirmaður sendinefndar Sviss hjá Evrópubandalögunum;

Forseti Lýðveldisins Finnlands

Hr. Pentti Talvitie,  
Sérstakur sendiherra, yfirmaður sendinefndar Finnlands hjá Evrópubandalögunum;

Hans hátign konungur Svíþjóðar

Hr. Erik von Sydow,  
Sérstakur sendiherra, yfirmaður sendinefndar Svíþjóðar hjá Evrópubandalögunum;

Hennar hátign drottning hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands

Sir Michael Palliser,  
Sérstakur sendiherra og fastafulltrúi Bretlands hjá Evrópubandalögunum;

**SEM**, hafa skipst á umboðsskjölum sem teljast vera á gildu og réttu formi,

#### **HAFI GERT EFTIRFARANDI SAMKOMULAG:**

##### **1. gr.**

1. Hér með er stofnuð Evrópumíðstöð fyrir meðallangar veðurspár, hér eftir nefnd „míðstöðin“.
2. Stjórnunareiningar míðstöðvarinnar skulu vera ráðið og framkvæmdastjóri. Vísindaleg ráðgjafarnefnd og fjárhagsnefnd skulu vera ráðinu til aðstoðar. Hver stjórnunareining og nefnd skal inna af hendi hlutverk sitt innan þeirra marka og skilyrða sem mælt er fyrir um í samingi þessum.
3. Þau ríki sem aðilar eru að samningi þessum skulu vera aðilar að míðstöðinni, hér eftir nefndir „aðildarríki“.
4. Míðstöðin skal hafa réttarstöðu lögaðila á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis. Hún skal sérstaklega hafa getu til að gera samninga, eignast og selja lausafé og fasteignir, og vera aðili að málshöfðunum.
5. Höfuðstöðvar míðstöðvarinnar skulu vera í Shinfield Park í nágrenni Reading (Berkshire), á yfirráðasvæði Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.
6. Opínber tungumál míðstöðvarinnar skulu vera hollenska, enska, franska, þýska og ítalska.

Vinnutungumál hennar skulu vera enska, franska og þýska.

Ráðið skal ákvarða að hversu miklu leyti opinber tungumál og vinnutungumál skulu vera notuð, hvert fyrir sig.

## 2. gr.

1. Markmið miðstöðvarinnar skulu vera eftirfarandi:
  - (a) hanna hreyfifræðilíkön af lofthjúpnum í því skyni að gera meðallangar veðurspár með reiknifræðilegum aðferðum;
  - (b) undirbúa gögn með reglubundnum hætti sem eru nauðsynleg við gerð meðallangra veðurspáa;
  - (c) að stunda vísinda- og tæknirannsóknir sem miða að því að bæta gæði slíkra spáa;
  - (d) að afla og geyma viðeigandi veðurfræðileg gögn;
  - (e) að gera veðurstofum aðildarríkjanna tiltækilegar, á viðeigandi hátt, þær niðurstöður sem fást í rannsóknum sem kveðið er á um í a-lið og c-lið og gagna sem vísað er til í b-lið og d-lið;
  - (f) veita veðurstofum aðildarríkjanna aðgang að nægilegum hluta af tölvugetu sinni vegna eigin rannsókna, með forgang fyrir svið tölulegra veðurspáa en sá hluti myndi vera ákvarðaður af ráðinu;
  - (g) leggja fram aðstoð við að koma áætlunum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar í framkvæmd;
  - (h) að aðstoða við framhaldsþjálfun sérfræðinga hjá veðurstofum aðildarríkjanna á sviði tölulegra veðurspáa.
2. Miðstöðin skal setja á fót og starfrækja þau mannvirki sem þarf til að þjóna þeim markmiðum sem skilgreind eru í 1. mgr.
3. Miðstöðin skal yfirleitt gefa út eða gera tiltækilegar á annan hátt vísindalegar og tæknilegar niðurstöður starfsemi sinnar, samkvæmt skilyrðum sem ráðið setur, að svo miklu leyti sem slíkar niðurstöður falla ekki undir 15. gr.

### **3. gr.**

1. Til að ná markmiðum sínum skal miðstöðin eiga eins mikið samstarf og samræmist alþjóðlegum hefðum innan veðurfræðinnar við stjórnvöld og innlendar stofnanir aðildarríkjanna, við ríki sem eru ekki aðilar að miðstöðinni og við opinberar og óopinberar alþjóðlegar vísinda- og tæknistofnanir sem vinna að verkefnum sem tengjast markmiðum hennarr.
2. Miðstöðinni er ennfremur leyfilegt að gera samstarfssaminga í því skyni:
  - (a) við ríki í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í staflið e í 1. tölulið 6. gr.
  - (b) við innlendar vísinda- og tæknistofnanir aðildarríkjanna og við þær alþjóðlegu stofnanir sem vísað er til í 1. mgr. í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í staflið k í 3. tölulið 6. gr.
3. Samstarfssamningarnir sem vísað er til í 2. mgr. kunna að takmarka aðgang að tölvugetu miðstöðvarinnar við opinberar stofnanir aðildarríkjanna.

### **4. gr.**

1. Ráðið skal hafa þær valdheimildir og grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að framkvæma þennan samning.
2. Ráðið skal skipað ekki fleiri en tveimur fulltrúum frá hverju aðildarríki, þar af skal einn vera fulltrúi innlendu veðurþjónustunnar í viðkomandi ríki. Fulltrúunum er heimilt að njóta aðstoðar ráðgjafa á fundum ráðsins.

Fulltrúa Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar skal vera boðið að taka þátt í störfum ráðsins sem áheyrnarfulltrúi.
3. Ráðið skal kjósa forseta og varaforseta til eins árs úr hópi meðlima sinna og mega þeir ekki vera endurkosnir oftari en tvisvar í röð.
4. Ráðið skal halda fund ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Ráðið skal boðað til fundar að beiðni forsetans eða að beiðni að minnsta kosti eins þriðja hluta aðildarríkjanna. Halda skal fundi ráðsins í höfuðstöðvum miðstöðvarinnar nema ráðið ákvarði annað í undantekningartilvikum.
5. Forseta og varaforseta er heimilt að kalla eftir aðstoð framkvæmdastjóra við skyldustörf sín.
6. Ráðinu er heimilt að setja á fót ráðgjafarnefndir og skal ákvarða skipun í þær og hlutverk þeirra.

## 5. gr.

1. Nærveru fulltrúa meirihluta atkvæðisbærra aðildarríkja þarf til að ákvörðunarbær meirihluti sé til staðar á fundum ráðsins.
2. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði í ráðinu. Aðildarríki skal svipt atkvæðisrétti sínum í ráðinu ef fjárhæð ógreiddra framlaga þess er hærri en fjárhæð framlaga samkvæmt 13. grein fyrir yfirstandandi fjárhagsár og undanfarandi fjárhagsár. Í samræmi við staflið *m* í 3. tölulið 6.gr. getur ráðið engu að síður heimilað aðildarríkinu að greiða atkvæði.
3. Á milli funda ráðsins, getur ráðið afgreitt hvers konar áriðandi málefni með póstkosningu. Í slíkum tilvikum skal meirihluti atkvæðisbærra aðildarríkja mynda ákvörðunarbæran meirihluta.
4. Við ákvörðun einróma samþykkis og mismunandi meirihluta sem kveðið er á um í samningi þessum, skal aðeins taka tillit til atkvæða með eða gegn ákvörðun og, í tilvikum þar sem ráðið tekur ákvörðun í samræmi við verklag sem kveðið er á um í 2. tölulið 6. gr., skal taka tillit til fjárframlaga þeirra aðildarríkja sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

## 6. gr.

1. Ráðið skal með samhljóða samþykki:
  - (a) setja þak á útgjöld vegna útfærslu framkvæmdaáætlunarinnar fyrir starfsemi miðstöðvarinnar fyrstu fimm árin eftir gildistöku samningsins;
  - (b) ákvarða aðild ríkja í samræmi við 23. gr. og setja skilyrði fyrir slíkri aðild í samræmi við 3. tölulið 13. gr.;
  - (c) ákvarða í samræmi við 20. gr. afturköllun aðildar ríkis, en viðkomandi ríki skal ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um málið;
  - (d) ákvarða að hætta starfsemi miðstöðvarinnar í samræmi við 1. og 2. tölulið 21. gr.;
  - (e) heimila framkvæmdastjóra að ganga til samninga um samstarf við ríki; ráðinu er heimilt að veita honum leyfi til að fullgera slíka samninga;
  - (f) semja við eitt eða fleiri aðildarríki í samræmi við 22. gr. bókunar um sérrettindi og friðhelgi, sem kveðið er á um í 16. gr., um allar viðbótarsamþykktir í sambandi við útfærslu á bókuninni;
2. Ráðið skal með stuðningi meirihluta sem nemur 2/3 hluta aðildarríkjanna og að því tilskildu að framlög viðkomandi ríkja jafngildi a.m.k. 2/3 af heildarframlögum til fjárlaga miðstöðvarinnar, skal:
  - (a) samþykkja fjárhagsreglugerðir miðstöðvarinnar;



- (c) samþykkja í samræmi við 3. tölulið 12. gr., árlega fjárhagsáætlun og meðfylgjandi töflu yfir starfsmannaþörf miðstöðvarinnar og, ef nauðsyn krefur, auka- eða leiðréttingarfjárhagsáætlanir og lýsa samþykki sínu á heildarmati á útgjöldum og tekjum næstu þriggja fjárhagsára; ef ráðið hefur ekki enn samþykkt fjárhagsáætlunina skal það heimila framkvæmdastjóra að stofna til kostnaðar og inna af hendi greiðslur, innan tiltekins mánaðar, umfram þau mörk sem tilgreind eru í fyrsta málslíð 5. töluliðar 12. gr.;
  - (b) að tillögu framkvæmdastjóra, taka ákvarðanir varðandi allar fasteignir og búnað ef kaup eða leiga á þeim fela í sér umtalsverð útgjöld fyrir miðstöðina;
  - (c) ákvarða ráðstafanir sem gera skal ef samningi þessum er sagt upp í skilningi 19. gr.;
  - (d) ákvarða að miðstöðin skuli ekki lögð niður ef þessum samningi er sagt upp í skilningi 1. töluliðar 21. gr., án þátttöku í atkvæðagreiðslunni um málið af hálfu þeirra aðildarríkja sem hafa sagt upp samningnum;
  - (e) ákvarða, samkvæmt 3. tölulið 21. gr., skilyrði fyrir slitum miðstöðvarinnar komi til þess.
3. Ráðið með stuðningi meirihluta sem nemur 2/3:
- (a) skal setja eigin verklagsreglur;
  - (b) skal samþykkja starfsmannareglur og launakerfi fyrir starfsmenn miðstöðvarinnar og skal ákvarða eðli annarra hlunninda fyrir starfsmenn og reglur um veitingu þeirra; ráðið skal einnig ákvarða réttindi starfsmanna varðandi eignarrétt á sviði hugverka almennt og höfundarrétt í sambandi við vinnu sem er hluti af skyldustörfum þeirra;
  - (c) skal samþykkja samninginn sem gera skal í samræmi við 16. gr. milli miðstöðvarinnar og þess ríkis þar sem höfustöðvar miðstöðvarinnar eru staðsettar;
  - (d) skal skipa framkvæmdastjóra og aðstoðarframkvæmdastjóra miðstöðvarinnar til tímabils sem er innan við fimm ár, en heimilt er að endurnýja skipun þeirra einu sinni eða oftari fyrir tímabil sem ekki nemur meir en fimm árum hverju sinni;
  - (e) skal ákvarða fjölda endurskoðenda, skipunartíma þeirra, fjárhæð þóknunar þeirra og skal skipa þá í samræmi við 2. tölulið 14. gr.;
  - (f) getur bundið enda á eða frestað skipun framkvæmdastjóra eða aðstoðarframkvæmdastjóra að teknu tilliti til ákvæða starfsmannareglna sem um þá gilda;
  - (g) skal samþykkja verklagsreglur vísindalegu ráðgjafarnefndarinnar í samræmi við grein 4. tölulið 7. gr.;
  - (h) skal ákvarða fjárframlög aðildarríkjanna í samræmi við 1. og 3. tölulið 13. gr. og skal ákvarða tímabundna lækkun framlags aðildarríkis vegna sérstakra kringumstæðna í viðkomandi aðildarríki í samræmi við 2. tölulið 13. gr.;
  - (i) skal samþykkja, með fyrirvara um staflíð a í 1. mgr., framkvæmdaáætlunina fyrir starfsemi miðstöðvarinnar, í samræmi við 11. gr.;
  - (j) skal árlega fara yfir reikninga undanfarandi fjárhagsárs ásamt efnahagsreikningi yfir eignir og skuldir miðstöðvarinnar með hliðsjón af skýrslu endurskoðenda og leysa framkvæmdastjóra undan ábyrgð varðandi framkvæmd fjárhagsáætlunar;

- (k) skal heimila framkvæmdastjóra að semja um samstarf við við innlendar vísinda- og tæknistofnanir aðildarríkja og við opinberar og óopinberar alþjóðlegar vísinda- og tæknistofnanir hverra starfsemi tengist markmiðum miðstöðvarinnar, og getur heimilað aðalframkvæmdastjóra að gera slíka samninga;
  - (l) skal ákvarða skilyrði fyrir notkun leyfa sem veitt eru aðildarríkjum í samræmi við 1. og 2. tölulið 15. gr. fyrir önnur verkefni en veðurspár;
  - (m) skal ákvarða í því tilviki sem kveðið er á um í 2. tölulið 5. gr. að aðildarríki geti haldið atkvæðisrétti sínum, en viðkomandi aðildarríki skal ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni um málið;
  - (n) skal vera með tilmæli um breytingar á samningi þessum við aðildarríki í samræmi við 18. gr.;
  - (o) skal, í samræmi við 17. gr. bókunarinnar um sérréttindi og friðhelgi sem kveðið er á um í 16. gr., ákvarða þá flokka starfsfólks sem falla undir 13. og 15. gr. bókunarinnar, í heild eða að hluta, og þá flokka sérfræðinga sem falla undir 14. gr. bókunarinnar.
4. Ráðið skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta þegar sérstakur meirihluti er ekki tilgreindur.

### **7. gr.**

1. Vísindalega ráðgjafarnefndin skal skipuð tólf meðlimum sem ráðið skipar sem einstaklinga til fjögurra ára í senn. Fjórðungi nefndarmanna skal vera skipt út á hverju ári. Hvern meðlim má einungis skipa tvö kjörtímabil í röð.  
  
Fulltrúa Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar skal vera boðin þátttaka í störfum nefndarinnar.  
  
Velja skal meðlimi nefndarinnar úr röðum vísindamanna aðildarríkjanna í eins mörgum vísindagreinum tengdum starfsemi miðstöðvarinnar og hægt er. Framkvæmdastjóri skal leggja fyrir ráðið lista yfir hugsanlega meðlimi.
2. Nefndin skal taka saman og leggja fyrir ráðið álit og tilmæli varðandi drög að starfsáætlun fyrir miðstöðina sem fortjóri útbýr varðandi öll mál sem ráðið leggur fyrir hana. Framkvæmdastjóri skal veita nefndinni upplýsingar um framvindu áætlunarinnar. Nefndin skal gefa álit sitt á þeim árangri sem næst.
3. Nefndinni er heimilt að bjóða sérfræðingum, einkum aðilum í þjónustugreinum sem nota miðstöðina, að taka þátt í vinnu nefndarinnar að lausn sértækra vandamála.
4. Nefndin skal setja sér starfsreglur. Starfsreglurnar skulu taka gildi að fengnu samþykki ráðsins í samræmi við staflið g í tölulið 3 í 6. gr.

### **8. gr.**

1. Fjárhagsnefndin skal skipuð
  - (a) einum fulltrúa frá hverju þeirra fjögurra aðildarríkja sem greiða hæstu framlögin;

- (b) þremur fulltrúum hinna aðildarríkjanna, sem þau skipa til eins árs í senn; ekkert þessara ríkja getur átt fulltrúa í nefndinni oftari en tvisvar í röð.
2. Samkvæmt skilyrðum sem sett eru í fjárhagsreglugerðunum skal nefndin útbúa og leggja fyrir ráðið álit og tilmæli um öll fjárhagsleg málefni sem lögð eru fyrir ráðið og skal fara með það fjárhagslega vald sem ráðið felur henni.

*9. gr.*

1. Framkvæmdastjóri skal vera aðalframkvæmdastjóri miðstöðvarinnar. Hann skal vera fulltrúi miðstöðvarinnar í samskiptum við þriðju aðila. Hann skal vera ábyrgur gagnvart ráðinu fyrir framkvæmd verkefna sem miðstöðinni er falið. Hann skal taka þátt án atkvæðisréttar í öllum fundum ráðsins.

Ráðið skal tilnefna þann aðila sem skal gegna hlutverki framkvæmdastjóra til bráðabirgða.

2. Framkvæmdastjóri skal:

- (a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir fyrir viðeigandi starfsemi miðstöðvarinnar;
- (b) beita því valdi sem hann hefur samkvæmt starfsmannareglunum með hliðsjón af 4. tölulið 10. gr.;
- (c) leggja fyrir nefndina drög að starfsáætlun miðstöðvarinnar, ásamt álitum og tilmælum vísindalegu ráðgjafarnefndarinnar;
- (d) undirbúa og framkvæma fjárhagsáætlun miðstöðvarinnar í samræmi við fjárhagsreglugerðirnar;
- (e) halda nákvæmt bókhald yfir allar tekjur og gjöld miðstöðvarinnar í samræmi við fjárhagsreglugerðirnar;
- (f) leggja fárlega fyrir ráðið til samþykktar reikninga er varða framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar og efnahagsreikning yfir eignir og skuldir, í samræmi við fjárhagsreglugerðirnar, og skýrsluna um starfsemi miðstöðvarinnar;
- (g) gera þá samstarfssamninga sem nauðsynlegir eru til að ná markmiðum miðstöðvarinnar í samræmi við staflið e í 1. tölulið 6. gr. og staflið k í 3. tölulið 6. gr.

3. Framkvæmdastjóri skal njóta aðstoðar starfsmanna miðstöðvarinnar í störfum sínum.

*10. gr.*

1. Með fyrirvara um annan málslið ber starfsfólki miðstöðvarinnar að hlíta þeim starfsmannareglum sem ráðið samþykkir í samræmi við staflið b í tölulið 3 í 6. gr.

Ef ráðningarkjör starfsmanns miðstöðvarinnar falla ekki undir þessar starfsmannareglur, skulu þau falla undir þau lög sem um slíkt gilda í því ríki þar sem viðkomandi starfsmaður innir störf sín af hendi.

2. Ráðning starfsfólks skal byggjast á persónulegri menntun og hæfi viðkomandi að teknu tilliti til alþjóðlegs eðlis miðstöðvarinnar. Óheimilt er að veita ríkisborgurum tiltekinn aðildarríkja forgang að störfum.
3. Miðstöðinni er heimilt að ráða starfsfólk frá innlendum stofnunum aðildarríkjanna til tímabundinna starfa við miðstöðina.
4. Ráðið skal samþykkja skipun og brottrekstur yfirmanna samkvæmt skilgreiningu starfsmannareglna svo og fjármálastjóra og aðstoðarfjármálastjóra.
5. Ágreining vegna beitingar starfsmannareglna eða framkvæmdar starfssamninga starfsfólks skal leysa í samræmi við starfsmannareglurnar.
6. Allir starfsmenn miðstöðvarinnar lúta valdi framkvæmdastjórans og skulu fara eftir öllum almennum reglum sem ráðið samþykkir.
7. Öllum aðildarríkjum skal vera gert skylt að virða alþjóðlegt eðli starfs framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna miðstöðvarinnar. Framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn skulu hvorki leita eftir né móttaka leiðbeiningar frá stjórnvöldum eða yfirvaldi utan miðstöðvarinnar.

#### 11. gr.

Starfsáætlun miðstöðvarinnar skal vera samþykkt af ráðinu að tillögu framkvæmdastjóra í samræmi við staflíð i í 3. tölulið í 6. gr.

Í meginatriðum skal áætlunin ná yfir fjögurra ára tímabil og vera aðlöguð árlega og bætt við hana eins árs viðbótartímabili . Hún skal tilgreina útgjaldaþak yfir áætlunartímabilið og skal auk þess innihalda kostnaðaráætlun vegna framkvæmdar hennar og einstakra meginflokka á hverju ári.

Útgjaldaþakinu má einungis breyta í samræmi við það ferli sem mælt er fyrir um í staflíð i í 3. tölulið 6. gr.

## 12. gr.

1. Útbúa skal fjárhagsáætlun miðstöðvarinnar fyrir hvert fjárhagsár fyrir upphaf ársins, í samræmi við skilyrði sem eru tilgreind í fjárhagsreglugerðunum.

Fjármagna skal útgjöld miðstöðvarinnar með fjárframlögum aðildarríkjanna og öðrum tekjum miðstöðvarinnar.

Tekjur og útgjöld fjárhagsáætlunarinnar skulu vera í jafnvægi. Fjárhagsáætlunin skal gerð í gjaldmiðli þess ríkis þar sem höfuðstöðvar miðstöðvarinnar eru staðsettar.

2. Gera skal sundurliðaða áætlun um öll útgjöld og allar tekjur miðstöðvarinnar fyrir hvert fjárhagsár og skal hún vera birt í fjárhagsáætluninni.

Heimila má fjárveitingar fyrir tímabil sem nær út yfir fjárhagsárið samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðunum.

Að auki skal útbúa heildaráætlun fyrir útgjöld og tekjur í öllum meginflokkum fyrir næstu þrjú fjárhagsár.

3. Í samræmi við staflið b í 2. tölulið 6. gr. skal ráðið samþykkja fjárhagsáætlun fyrir hvert fjárhagsár og, í viðauka við hana, töluna yfir stöður við miðstöðina og allar viðbætur eða leiðréttingar á fjárhagsáætlunum svo og fallast á heildaráætlun á útgjöldum og tekjum næstu þriggja fjárhagsára.

4. Samþykki fjárhagsáætlunarinnar að hálfu ráðsins skal:

- (a) gera hverju aðildarríki skylt að gera tiltæk fyrir miðstöðina fjárframlög samkvæmt fjárhagsáætluninni;

- (b) heimila framkvæmdastjóra að stofna til skuldbindinga og inna af hendi greiðslur innan viðkomandi fjárheimilda.

5. Hafi ráðið ekki samþykkt fjárhagsáætlunina við upphaf fjárhagsárs er framkvæmdastjóra mánaðarlega heimilt að stofna til skuldbindinga og inna af hendi greiðslur innan hvers kafla sem nemur allt að einum tólfta af fjárveitingum í fjárhagsáætlun undanfarandi fjárhagsárs að því tilskildu að hann hafi ekki til ráðstöfunar fjárveitingar umfram einn tólfta af þeim heimildum sem kveðið er á um í drögum að fjárhagsáætluninni.

Aðildarríki skulu greiða mánuðarlega, til bráðabirgða og í samræmi við hlutföllin sem kveðið er á um í 13. gr., þær fjárhæðir sem þarf til að hrinda fyrsta málslið í framkvæmd.

6. Fjárhagsáætlunina skal framkvæma í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðunum.

### 13. gr.

1. Hvert aðildarríki skal greiða árlegt framlag til miðstöðvarinnar í skiptanlegum gjaldmiðli samkvæmt hlutfalli sem ráðið skal samþykkja á þriggja ára fresti í samræmi við staflið h í 3. tölulið 6. gr. Hlutfallið skal vera byggt á meðaltali vergra þjóðartekna einstakra aðildarríkja á síðustu þremur almanaksárum sem hagskýrslur ná yfir.
2. Í samræmi við staflið h í 3. tölulið 6. gr. getur ráðið ákveðið tímabundna lækkun á framlagi aðildarríkis vegna sérstakra kringumstæðna í viðkomandi aðildarríki. Sérstakar kringumstæður skulu einkum teljast vera til staðar ef vergar þjóðartekjur á mann í aðildarríkinu eru lægri en sú fjárhæð sem ákvörðuð er af ráðinu í samræmi við þann feril sem mælt er fyrir um í 3. tölulið 6. gr.
3. Ef ríki gerist aðili að samningi þessum eftir gildistöku hans skal ráðið breyta hlutföllum framlaga í samræmi við þær reikningsforsendur sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Nýju hlutföllin skulu taka gildi við aðild viðkomandi ríkis að samningi þessum.

Ríki sem gerist aðili að samningi þessum eftir 31. desember þess árs sem samningurinn tekur gildi er skylt að greiða, auk framlagsins sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eitt viðbótarframlag vegna fyrri útgjalda miðstöðvarinnar. Ráðið skal ákvarða fjárhæð þessa viðbótarframlags í samræmi við þá aðferð sem kveðið er á um í 1. tölulið 6. gr.

Ef ráðið ákvarðar ekki annað með hliðsjón af því verklagi sem mælt er fyrir um í 1. tölulið 6. gr., skal draga öll viðbótarframlög sem greidd eru samkvæmt öðrum málslið frá framlögum annarra aðildarríkja. Skerðing þessi skal reiknast í hlutfalli við greidd framlög hvers aðildarríkis fyrir yfirstandandi fjárhagsár.

4. Ef ríki hættir aðild að samningi þessum eftir gildistöku hans skal ráðið breyta hlutföllum framlaga í samræmi við þær reikningsforsendur sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Nýju hlutföllin skulu taka gildi þegar viðkomandi ríki hættir aðild að samningi þessum.
5. Greiðslumáti framlaga skal ráðast af fjárhagsreglugerðunum.

### 14. gr.

1. Allir reikningar yfir tekjur og útgjöld samkvæmt fjárhagsáætluninni og efnahagsreikningurinn yfir eignir og skuldir miðstöðvarinnar skulu, í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðunum, lagðir fram til endurskoðunar af endurskoðendum sem eru ótvírætt sjálfstæðir. Tilgangur endurskoðunarinnar, sem skal byggjast á gögnum og framkvæmd á staðnum ef þess gerist þörf, er að staðfesta að allar tekjur hafi skilað sér og að stofnað hafi verið til kostnaðar á löglegan og reglubundinn hátt og að fjármálastjórnun miðstöðvarinnar hafi verið traust. Endurskoðendurnir skulu leggja fram skýrslu um ársreikningana fyrir ráðið.

2. Ráðið, að tillögu fjárhagsnefndarinnar í samræmi við staflíð e í 3. tölulið 6. gr., skal ákvarða fjölda endurskoðenda, lengd skipunar þeirra, upphæð þóknunar þeirra og skal skipa þá.
3. Framkvæmdastjóri skal veita endurskoðendum allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð við framkvæmd endurskoðunarinnar sem vísað er til í 1. mgr.

#### 15. gr.

1. Hvert aðildarríki skal fá úthlutað endurgjaldslaust til eigin þarfa á sviði veðurspáa almennt nytjaleyfi og annan almennan afnotarétt af afurðum tengdum veðurspám, tölvuforritum og tækniupplýsingum sem leiða af starfsemi samkvæmt samningi þessum og eru í eigu miðstöðvarinnar.
2. Ef miðstöðin á ekki réttindi sem vísað er til í 1. málsgrein, skal hún beita sér fyrir því að öðlast nauðsynleg réttindi, í samræmi við skilyrði sem ráðið setur.
3. Skilyrði fyrir notkun leyfanna sem vísað er til í 2. mgr. við verkefni sem eru ekki tengd veðurspám eru háð ákvörðun ráðsins í samræmi við staflíð l í 3. tölulið 6. gr.

#### 16. gr.

Sérréttindi og friðhelgi sem miðstöðin, fulltrúar aðildarríkjanna, starfsmenn og sérfræðingar miðstöðvarinnar njóta á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal ákvarða með bókun sem bætt skal við samning þennan og skal mynda óaðskiljanlegan hluta af honum, og í samningi sem gerður er á milli miðstöðvarinnar og ríkisins þar sem höfuðstöðvar miðstöðvarinnar eru staðsettar. Ráðið skal samþykkja samning þennan í samræmi við staflíð c í 3. tölulið 6. gr.

#### 17. gr.

1. Allan ágreining á milli aðildarríkja eða á milli eins eða fleiri aðildarríkja og miðstöðvarinnar varðandi túlkun á eða framkvæmd þessa samnings, þ.m.t. bókunina um sérréttindi og friðhelgi sem kveðið er á um í 16. gr., eða í tengslum við eitt af þeim tilvikum sem tilgreind eru í 24. gr. áður nefndrar bókunar, sem ekki er hægt að leysa með sátttaumleitunum ráðsins skal, að beiðni annars aðila ágreiningsins til hins, vera vísað til gerðardóms, sem settur er á fót í samræmi við fyrsta málslið 2. mgr., nema aðilarnir að ágreiningnum verði ásáttir um aðra sáttaleið innan þriggja mánaða.
2. Hver eða hvor ágreiningsaðili um sig, hvort sem um er að ræða eitt eða fleiri aðildarríki, skal skipa einn fulltrúa í gerðardóminn innan tveggja mánaða frá móttökudegi beiðninnar sem vísað er til í 1. mgr. Þessir fulltrúar skulu, innan tveggja mánaða frá tilnefningu annars fulltrúans, tilnefna þriðja fulltrúann sem skal vera formaður gerðardómsins og skal ekki hafa ríkisfang í ríki sem er ágreiningsaðili. Ef skipun einhvers þessara þriggja fulltrúa gerðardómsins hefur ekki farið fram innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um skal forseti Alþjóðadómstólsins í Haag sjá um skipunina að beiðni eins aðila málsins.

Meirihluti gerðardómsins skal ráða úrskurðum hans. Úrskurðirnir eru bindandi fyrir deiluaðila. Hver eða hvor aðili ber kostnaðinn af þeim fulltrúa sem hann skipar í dóminn og kostnað vegna málflutnings fyrir hans hönd fyrir dóminum. Hver eða hvor deiluaðili skal bera jafnan hluta

kostnaðar tengdum formanni gerðardómsins og öllum öðrum kostnaði, nema gerðardómurinn ákveði annað. Gerðardómurinn skal ákvarða aðrar starfsreglur sínar.

#### 18. gr.

1. Hvert aðildarríki getur lagt tillögur um breytingar á samningi þessum fyrir framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal senda slíkar tillögur til hinna aðildarríkjanna a.m.k. þremur mánuðum áður en ráðinu er ætlað að fjalla um þær. Ráðið skal fjalla um tillögurnar og getur, í samræmi við staflíð n í 3. tölulíð 6. gr., mælt til þess við aðildarríkin að þau samþykki breytingartillögurnar.
2. Aðildarríkin geta einungis samþykkt skriflega breytingar sem ráðið mælir með. Þær skulu taka gildi þrjátíu dögum eftir að aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópusambandsins hefur mótttekið síðustu skriflegu staðfestinguna um samþykki.

#### 19. gr.

1. Öll aðildarríki geta sagt samningi þessum upp eftir fimm ár frá gildistöku hans með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna. Uppsögnin skal taka gildi í lok annars fjárhagsárs eftir sendingu tilkynningarinnar.
2. Aðildarríki sem hefur sagt upp samningi þessum skal vera skyldugt til að leggja til fjárframlög vegna skuldbindinga sem miðstöðina hefur gengist undir fyrir gildistöku slíkrar uppsagnar og til að virða þær skuldbindingar sem það hefur tekið á sig sem aðildarríki gagnvart miðstöðinni fyrir gildistöku uppsagnarinnar.
3. Aðildarríki sem hefur sagt upp samningi þessum skal glata réttindum sínum til eigna stöðvarinnar og ber að bæta miðstöðinni, samkvæmt skilyrðum sem ráðið setur í samræmi við staflíð d í 2. tölulíð 6. gr., fyrir allan eignamissi á yfirráðarsvæði viðkomandi ríkis nema sérstakur samningur sé gerður sem tryggir miðstöðinni áframhaldandi notkun á slíkri eign.

#### 20. gr.

Aðildarríki sem uppfyllir ekki skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum getur verið svipt aðild með ákvörðun ráðsins í samræmi við staflíð c í 1. tölulíð 6. gr. Í slíku tilviki skulu 2. og 3. tölulíður 19. gr. eiga við að breyttu breytanda.

#### 21. gr.

1. Ef ráðið ákvarðar ekki annað í samræmi við staflíð e í 2. tölulíð 6. gr. skal miðstöðin vera leyst upp ef uppsögn á samningi þessum af hálfu eins eða fleiri aðildarríkja leiðir til þess að fjárhæð framlaga annarra aðildarríkja hækkar um einn fimmta miðað við upphaflegu fjárhæð þeirra.
2. Auk þess tilviks sem vísað er til í 1. mgr. getur ráðið leyst miðstöðina upp hvenær sem er í samræmi við staflíð d í 1. mgr. 6. gr.
3. Ef miðstöðin er leyst upp skal ráðið skipa skiptastjóra.



Ef ráðið ákvarðar ekki annað í samræmi við staflíð e í 2. tölulið 6. gr., skal eignum umfram skuldir vera skipt á milli aðildarríkjanna við upplausn í hlutfalli við greidd framlög þeirra þann tíma sem þau voru aðilar að samningi þessum.

Allt ójafnað tap skal greiðast af aðildarríkjunum í réttu hlutfalli við fastákvörðuð framlög þeirra á yfirstandandi fjárhagsári.

## **22. gr.**

1. Samningur þessi skal liggja frammi á aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna til 11. apríl, 1974 til undirritunar af þeim Evrópuríkjum sem eru talin upp í Viðauka.

Samninginn skal fullgilda, staðfesta, eða samþykkja. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna til vörslu.

2. Samningur þessi skal taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans af minnsta kosti 2/3 af undirritunarríkjunum að meðtöldu ríkinu þar sem höfuðstöðvar miðstöðvarinnar eru staðsettar, að því tilskildu að heildarframlög þessara ríkja jafngildi að minnsta kosti 80 prósentum af heildarframlögunum í samræmi við hlutföllin sem tilgreind eru í Viðaukanum.

Samningur þessi öðlast gildi gagnvart öllum öðrum undirritunarríkjum fyrsta dag annars mánaðar eftir að skjal þess um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent til vörslu.

## **23. gr.**

Eftir gildistöku þessa samnings getur ríki sem er ekki undirritunarríki og er minnst á í viðauka, gerst aðili að samningi þessum að fengnu samþykki ráðsins í samræmi staflíð b í 1. tölulið 6. gr. Aðildarskjöl skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna til vörslu.

Samningur þessi öðlast gildi fyrir nýtt aðildarríki fyrsta dag annars mánaðar eftir að aðildarskjal þess hefur verið afhent til vörslu.

## **24. gr.**

Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópubandalaganna skal tilkynna undirritunarríkjum og inngönguríkjum um

- (a) allar undirritanir á samningnum;
- (b) öll skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
- (c) gildisstöku þessa samnings;
- (d) allar skriflegar tilkynningar um samþykki á breytingu á samningi þessum;
- (e) gildistöku allra breytinga;
- (f) sérhverja uppsögn á samningi þessum eða sviptingu aðildar að miðstöðinni.

Við gildistöku samnings þessa og breytinga á honum, skal aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópubandalaganna skrá samninginn hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, í samræmi við 102. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

#### 25. gr.

1. Fyrsta fjárhagsárið skal byrja við gildistöku þessa samnings og ljúka 31. desember sama ár. Ef fyrsta fjárhagsárið hefst á seinni hluta almanaksársins, skal því ljúka 31. desember næsta ár.
2. Ríkjum sem hafa undirritað þennan samning en hafa ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt hann er heimilt að eiga fulltrúa á fundum ráðsins og taka þátt í störfum þess án atkvæðisréttar í tólf mánuði eftir gildistöku þessa samnings. Ráðið getur lengt slíkt tímabil um sex mánuði í samræmi við það ferli sem mælt er fyrir um í 3. tölulið 6. gr.
3. Vísindalega ráðgjafarnefndin skal á fyrsta fundi sínum ákvarða með hlutkesti þá níu meðlimi nefndarinnar hvers skipunartími skal renna út í samræmi við fyrsta málslið 1. töluliðar 7. gr. í lok fyrsta, annars og þriðja starfsárs nefndarinnar.

#### 26. gr.

Gera skal eitt frumrit af samningi þessum og öllum breytingum á honum á hollensku, ensku, frönsku, þýsku og ítölsku þar sem allir textarnir fimm eru jafngildir, og færa til vörslu í skjalasafni aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna, sem skal senda staðfest afrit til ríkisstjórna allra undirritunarríkja og nýrra aðildarríkja.

**ÞESSU TIL STAÐFESTU** hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, skrifað undir samning þennan.

Gjört í Brussel ellefta dag október árið eitt þúsund níu hundruð sjötú og þrjú.

*[Sjá undirritanir á bls. 27]*

## VIÐAUKI

### BRÁÐABIRGÐAHLUTFALL FRAMLAGA

Hlutföllin hér að neðan eru eingöngu ætluð til útfærslu á 2. tölulið 22. gr. samningnum. Þeim er ekki ætlað á neinn hátt að binda hendur ráðsins við ákvarðanir í samræmi við 1. tölulið 13. gr. í samningnum varðandi hlutföll framlaga í framtíðinni.

<b>Lönd sem tóku þátt í gerð samningsins</b>	<b>%</b>
Belgía	3,25
Danmörk	1,98
Sambandslýðveldið Þýskaland	21,12
Spánn	4,16
Frakkland	19,75
Grikkland	1,18
Írland	0,50
Ítalía	11,75
Júgóslavía	1,65
Lúxemborg	0,12
Holland	3,92
Noregur	1,40
Austurríki	1,81
Portúgal	0,79
Sviss	2,63
Finland	1,33
Svíþjóð	4,19
Tyrkland	1,81
Bretland	16,66

**BÓKUN  
UM SÉRRÉTTINDI OG FRIÐHELGI EVRÓPUMIÐSTÖÐVAR  
FYRIR MEÐALLANGAR VEÐURSPÁR**

Aðildarríki að samningi um stofnun Evrópumiðstöðvar fyrir meðallangar veðurspár, sem var undirritaður þann 11. október 1973,

**ÓSKA** að skilgreina sérréttindi og friðhelgi sem nauðsynleg teljast til að miðstöðin geti starfað með eðlilegum hætti,

**HAFNA GERT MEÐ SÉR EFTIRFARANDI SAMKOMULAG:**

1. gr.

1. Samkvæmt ákvæðum bókunarinnar skal umráðasvæði miðstöðvarinnar vera friðheilagt.
2. Yfirvöldum þess ríkis þar sem höfuðstöðvar miðstöðvarinnar eru staðsettar er ekki heimilt að koma inn á yfirráðasvæði miðstöðvarinnar nema að fengnu leyfi framkvæmdastjóra eða aðila sem hann tilnefnir. Ef eldsvoða eða aðra vá ber að sem kallar á skjótar, fyrirbyggjandi aðgerðir má gera ráð fyrir samþykki framkvæmdastjóra.
3. Miðstöðin skal koma í veg fyrir að athafnasvæði hennar verði athvarf fyrir aðila sem flýja handtöku eða birtingu réttarskjala.

2. gr.

Skjalasafn miðstöðvarinnar skal njóta friðhelgi.

3. gr.

1. Innan marka opinberrar starfsemi sinnar, skal miðstöðin njóta friðhelgi og teljast utan lögsögu og fullnustu, nema:
  - (a) að því marki sem miðstöðin tekur ákvörðun um að falla frá slíku í sérstökum tilvikum. Hins vegar skal telja að miðstöðin hafi fallið frá slíkri friðhelgi ef, við móttöku beiðni frá innlendum yfirvöldum þar sem málið er lagt fyrir eða frá gagnaðila um að falla frá friðhelgi, hún hefur ekki tilkynnt innan fimmtán daga frá móttöku slíkrar beiðni að hún falli ekki frá slíkri friðhelgi;
  - (b) í tilviki þar sem einkamál er höfðað af þriðja aðila vegna skemmda er hljótast af ökutæki sem er eign eða er notað af hálfu miðstöðvarinnar eða vegna umferðarlagabrots;
  - (c) varðandi framkvæmd úrskurðar gerðardóms annað hvort samkvæmt 23. gr. bókunarinnar eða 17. gr. stofnsamnings miðstöðvarinnar, hér eftir nefndur „stofnsamningurinn“;
  - (d) þegar um fjárnám er að ræða samkvæmt ákvörðun stjórnvalda eða dómsyfirvalda varðandi laun og hlunnindi sem miðstöðin skuldar starfsmanni.

2. Í öllum ágreiningsmálum sem starfsmaður eða sérfræðingur miðstöðvarinnar á hlut að, þar sem friðhelgi frá lögsögu er krafist samkvæmt 13. gr. eða 14. gr., skal ábyrgð miðstöðvarinnar færast yfir á viðkomandi starfsmann eða sérfræðing sem málið varðar.
3. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu eignir og fjármunir miðstöðvarinnar, hvar sem þær fyrirfinnast, njóta friðhelgi frá hvers konar þvingunarráðstöfunum stjórnvalda eða dómsvalda eins og kröfum um haldlagningu, eignaupptöku, eignarnám eða fjárnám, nema í tilvikum þar sem slíkt kann að teljast nauðsynlegt tímabundið í sambandi við fyrirbyggjandi aðgerðir vegna slysa og rannsóknir á slysum er hljótast af ökutæki sem er í eigu eða notað er vegna miðstöðvarinnar.

#### 4. gr.

1. Miðstöðin ásamt eignum og tekjum skulu undanþegnar beinum sköttum af hvaða tagi sem er að því er tekur til opinberrar starfsemi hennar.
2. Þegar miðstöðin gerir innkaup fyrir verulegar fjárhæðir eða nýtir þjónustu fyrir verulegar fjárhæðir sem eru algerlega nauðsynlegar til að stunda opinbera starfsemi sína og þegar upphæð slíkra innkaupa eða þjónustu fela í sér gjöld eða skatta, skal aðildarríkið sem lagði gjöldin og skattana á, grípa til viðeigandi ráðstafana til að senda greiðslu eða endurgreiða upphæð slíkra gjalda og skatta.
3. Enga undanþágu skal veita hvað varðar gjöld og skatta sem eru ekki hærri en greiðslur fyrir almannaþjónustu.

#### 5. gr.

Vörur sem miðstöðin flytur inn og eru nauðsynlegar til að stunda opinbera starfsemi sína skulu undanskildar öllum tollum, sköttum og tollafgreiðslugjöldum, nema gjöldum sem eingöngu eru greiðslur fyrir þjónustu. Slíkar vörur skulu einnig undanskildar öllum bönnum og takmörkunum um innflutning og útflutning. Aðildarríki skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana innan sinna valdsviða til að tafir á tollafgreiðslu slíkra vara haldist í lágmarki.

#### 6. gr.

Ekki skal veita neina undantekningu samkvæmt 4. gr. eða 5. gr. hvað varðar vörur sem eru keyptar og fluttar inn fyrir persónulegar þarfir starfsmanna eða sérfræðinga miðstöðvarinnar í skilningi 14. gr.

#### 7. gr.

Vörur sem fengnar eru samkvæmt 4. gr. eða eru fluttar inn samkvæmt 5. gr., má hvorki selja, gefa né leigja út nema í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í lögum þess ríkis sem veitti undanþágurnar.

#### 8. gr.

1. Miðstöðinni er heimilt að taka við og hafa í vörslu sinni hverskonar fé eða gjaldmiðla. Miðstöðinni er heimilt að ráðstafa þeim að vild til að stunda opinbera starfsemi sína og má eiga reikninga í hvaða gjaldmiðli sem nauðsynlegur getur talist til að miðstöðin standi við skuldbindingar sínar.

2. Innan marka opinberrar starfsemi sinnar og án þess að brjóta í bága við 1. mgr., er miðstöðinni einnig heimilt að taka við, eiga og selja verðbréf, háð skilyrðum um gjaldeyrisreglur sem eiga við um aðrar milliríkjastofnanir í aðildarríkinu sem um ræðir.

9. gr.

Dreifingu á útgáfuefni og öðru upplýsingaefni sem miðstöðin sendir frá sér eða tekur við innan marka opinberrar starfsemi sinnar má ekki takmarka á nokkurn hátt.

10. gr.

1. Hvað varðar gagnasendingar innan marka opinberrar starfsemi sinnar, skal miðstöðin njóta samskonar meðferðar á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis og veitt er veðurþjónustu hvers ríkis um sig, með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins sem um ræðir varðandi fjarskipti.
2. Hvað varðar opinber samskipti og flutning á öllum gögnum sínum, skal miðstöðin njóta samskonar meðferðar á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis og veitt er alþjóðastofnunum af hálfu hvers aðildarríkis, með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins sem um ræðir varðandi fjarskipti.
3. Ekki skal viðhafa ritskoðun af neinu tagi gagnvart opinberum samskiptum miðstöðvarinnar án tillits til tegundar samskiptamiðla.

11. gr.

Aðildarríki skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að auðvelda inngöngu, dvöl og brottför fulltrúa aðildarríkja, starfsmanna og sérfræðinga miðstöðvarinnar í skilningi 14. gr.

12. gr.

Fulltrúar aðildarríkja sem taka þátt í störfum stjórnunareininga og nefnda miðstöðvarinnar skulu njóta, við störf sín og ferðalög til og frá fundarstað, eftirtalinna sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu:

- (a) friðhelgi gagnvart handtöku og varðhaldi og haldlagningu farangurs, nema þeir verði uppvísir að því að fremja lögbrot, gera tilraun til að fremja lögbrot eða hafa nýverið framið lögbrot;
- (b) friðhelgi gagnvart lögsögu, jafnvel eftir að störfum þeirra lýkur, hvað varðar athafnir, þ.m.t. orð í ræðu eða riti, sem þeir settu fram í opinberum störfum sínum og innan takmarka valdsviðs síns; slík friðhelgi gildir ekki þegar um er að ræða umferðarlagabrot sem fulltrúi aðildarríkis fremur né í tilviki þar sem skemmdir verða af völdum ökutækis sem er í eigu eða er ekið af þeim aðila;
- (c) friðhelgi að því er varðar opinber skilríki og skjöl;
- (d) undanþágu gagnvart öllum formsatriðum varðandi skráningu og komuskilyrði fyrir útlendinga;
- (e) samskonar tollaðstöðu varðandi farangur og samskonar sérréttindi hvað gjaldeyrisreglur varðar og veittar eru fulltrúum erlendra ríkisstjórna í tímabundnum sendiförum.

### 13. gr.

Starfsmenn miðstöðvarinnar skulu njóta eftirtalinna sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu, innan þeirra takmarka sem bókunin veitir

- (a) friðhelgi gagnvart lögsögu, jafnvel eftir að störfum þeirra hjá miðstöðinni lýkur, hvað varðar athafnir, þ.m.t. orð í ræðu eða riti, sem þeir settu fram í opinberum störfum sínum og innan takmarka valdsviðs síns; slík friðhelgi gildir ekki þegar um er að ræða umferðarlagabrot sem starfsmaður fremur né í tilviki þar sem skemmdir verða af völdum ökutækis sem er í eigu eða er ekið af þeim aðila;
- (b) undanþágu frá öllum skyldum er varða herþjónustu;
- (c) friðhelgi að því er varðar opinber skilríki og skjöl;
- (d) sömu undanþágur og venjulega eru veittar starfsfólki alþjóðastofnana varðandi reglur er takmarka innflutning fólks og skráningu útlendinga skulu eiga við um þá ásamt fjölskyldumeðlimum á heimili þeirra;
- (e) sömu sérréttindi og eru venjulega veitt starfsfólki alþjóðastofnana;
- (f) sama aðstaða og venjulega er veitt starfsfólki alþjóðastofnana varðandi heimflutning á tímum alþjóðlegs neyðarástands skal eiga við um þá ásamt fjölskyldumeðlimum á heimili þeirra;
- (g) réttindi til að flytja inn húsgögn og persónulega muni tollfrjálst þegar þeir hefja störf um tímabil sem nemur a.m.k. einu ári í viðkomandi landi og réttindi þegar þeir ljúka störfum sínum í viðkomandi landi til að flytja út húsgögn og persónulega muni tollfrjálst, í báðum tilvikum háð skilyrðum sem stjórnvöld viðkomandi lands þar sem réttindin eru nýtt setja og að undanskildum eignum sem fengnar eru í því landi og lúta útflutningsbanni.

### 14. gr.

Sérfræðingar sem eru ekki starfsmenn og gegna störfum fyrir miðstöðina eða takast á hendur erindisferðir svo og á ferðalögum sem farin eru meðan á slíkum störfum eða erindisferðum stendur skulu njóta eftirfarinna sérréttinda, friðhelgi og aðstöðu að því leyti sem nauðsynlegt má teljast til að inna af hendi störf sín eða við erindisferðir

- (a) friðhelgi gagnvart lögsögu, jafnvel eftir að störfum þeirra fyrir miðstöðina lýkur, hvað varðar athafnir, þ.m.t. orð í ræðu og riti, sem þeir höfðu uppi við sérfræðistörf sín og innan takmarka valdsviða sinna; slík friðhelgi gildir ekki þegar um er að ræða umferðarlagabrot sem sérfræðingur fremur né í tilviki þar sem skemmdir verða af völdum ökutækis sem er í eigu eða er ekið af þeim aðila;
- (b) friðhelgi að því er varðar opinber skilríki og skjöl;
- (c) samskonar tollaðstöðu fyrir farangur og samskonar sérréttindi hvað gjaldeyrisreglur varðar og veittar eru fulltrúum erlendra ríkisstjórna í tímabundnum opinberum erindisferðum.

#### 15. gr.

1. Með fyrirvara um þau skilyrði og samkvæmt þeirri tilhögun sem ráðið hefur mælt fyrir um samkvæmt reglum 2. töluliðar 6. gr. stofnsamningsins og innan eins árs frá því að stofnsamningurinn gengur í gildi, skulu starfsmenn miðstöðvarinnar, innan þeirra takmarka sem kveðið er á um í bókun þessari, borga skatt í þágu miðstöðvarinnar af launum og hlunnindum sem miðstöðin greiðir. Frá þeim degi sem skatturinn er lagður á skulu slík laun og hlunnindi vera undanskilin innlendum tekjuskatti, þar sem aðildarríkin halda rétti sínum til að taka mið af slíkum launum og hlunnindum við mat á skattlagningu á tekjum sem koma annars staðar frá.
2. 1. mgr. gildir ekki um lífeyri og samskonar greiðslur sem miðstöðin innir af hendi.

#### 16. gr.

Engu aðildarríki er skylt að veita sérréttindi, friðhelgi og aðstöðu, sem vísað er til í 12. gr., staflíðum b, e, f og g í 13. gr. og staflíð c í 14. gr., til eigin fulltrúa, eigin þegna eða einstaklinga, er hefja störf hjá miðstöðinni sem eru einstaklingar sem hafa fasta búsetu í því ríki.

#### 17. gr.

Samkvæmt reglum sem er mælt er fyrir um í staflíð o í 3. tölulið 6. gr. stofnsamningsins, skal ráðið taka ákvörðun um þá flokka starfsfólks sem 13. og 15. gr. gildir um, í heild eða að hluta til, og þá flokka sérfræðinga sem 14. gr. skal eiga við um. Tilkynna skal aðildarríkjunum reglulega um nöfn, starfsheiti og heimilisföng einstaklinga í slíkum flokkum.

#### 18. gr.

Ef miðstöðin stofnar eigið almannatryggingakerfi eða gerist aðili að slíku kerfi hjá alþjóðastofnun samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglum, skulu miðstöðin og starfsmenn hennar undanþegin skylduframlögum í almannatryggingakerfi, háð samningum sem gerðir verða í því skyni við viðkomandi aðildarríki samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um um í 22. gr.

#### 19. gr.

1. Sérréttindi, friðhelgi og aðstaða sem kveðið er á um í bókun þessari eru eingöngu veitt í þágu miðstöðvarinnar og aðildarríkja hennar og ekki til persónulegs ávinnings fyrir þá aðila sem njóta þeirra.
2. Lögbær stjórnvöld hafa ekki einungis rétt til heldur ber einnig skylda til að falla frá friðhelgi í þeim tilvikum þar sem slík friðhelgi hindrar framgang réttlætisins og þar sem falla má frá slíkri friðhelgi án þess að hafa áhrif á tilganginn sem lá til grundvallar veitingu friðhelginnar.



3. Lögbær stjórnvöld sem vísað er til í 2. mgr. eru eftirfarandi
  - aðildarríkin, hvað fulltrúa þeirra varðar ,
  - ráðið, hvað framkvæmdastjóra varðar,
  - framkvæmdastjóri, hvað aðra starfsmenn og sérfræðinga varðar samkvæmt skilningi 14. gr.

20. gr.

1. Miðstöðin skal á öllum stundum vinna í samstarfi við lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna til að tryggja fullnægjandi réttarvörslu, til að tryggja að löggjöf um löggæslu sé fylgt og löggjöf er varðar lýðheilsu og vinnulöggjöf og svipuð lög, og til að koma í veg fyrir misnotkun á sérréttindum, friðhelgi og aðstöðu sem kveðið er á um í bókun þessari.
2. Skilgreina má reglur um samstarf í viðbótarsamningum eins og kveðið er á um í 22. gr.

21. gr.

Ákvæði bókunar þessarar skulu ekki á neinn hátt skerða rétt hvers aðildarríkis fyrir sig til að grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana hvað öryggishagsmuni þeirra varðar.

22. gr.

Miðstöðinni er heimilt, samkvæmt samhljóða ákvörðun ráðsins, að gera viðbótarsamninga við hvaða aðildarríki sem er, til að innleiða bókun þessa og má gera samkomulag að hvaða toga sem er til að tryggja áfallalausán rekstur miðstöðvarinnar og til að verja hagsmunni hennar.

23. gr.

1. Miðstöðinni er skylt í öllum skriflegum samningum, öðrum en samningum sem gerðir eru á grundvelli starfsmannareglna, sem hún gerir og varða mál þar sem hún nýtur friðhelgi gagnvart lögsögu, að setja inn gerðardómsákvæði þar sem öllum ágreiningi er kemur upp vegna túlkunar eða framkvæmdar samningsins skal að beiðni hlutaðeigandi aðila vísað til gerðardóms.
2. Miðstöðinni er skylt að vísa til gerðardóms, að beiðni tjónþola, með sátt allan annan ágreining er kemur upp varðandi tjón sem miðstöðin veldur á líkama eða eignum.
3. Gerðardómsákvæðið eða sáttin skal tilgreina aðferð við að tilnefna gerðardómsmenn og oddamann í gerðardóm, þau lög sem eiga að gilda og landið þar sem gerðardómsmenn skulu hafa aðsetur. Gerðardómsmeðferðin skal fylgja lögum þess lands.
4. Fullnusta úrskurðar gerðardómsins skal fylgja lögum sem gilda í því ríki þar sem fullnusta á úrskurðinum.

24. gr.

1. Hverju aðildarríki er heimilt að vísa ágreiningi til gerðardómsins samkvæmt 17. gr. stofnsamningsins

- sem rís vegna skemmda er miðstöðin veldur;
  - sem tengist annarri bótaábyrgð miðstöðvarinnar utan samninga; eða
  - sem varðar starfsmann eða sérfræðing stofnunarinnar og þar sem hlutaðeigandi einstaklingur getur krafist friðhelgi frá lögsögu samkvæmt 13., eða 14. gr., ef ekki er fallið frá slíkri friðhelgi samkvæmt 19. gr.
2. Ef aðildarríki hyggst leggja ágreining fyrir gerðardóm skal tilkynna framkvæmdastjóra um slíkt sem þegar í stað upplýsir hvert aðildarríki um slíka tilkynningu.
  3. Sú tilhögun sem kveðið er á um í 1. mgr. skal ekki eiga við um ágreining á milli miðstöðvarinnar og starfsmanna hennar hvað starfsaðstæður þeirra varðar.
  4. Engin áfrýjun er veitt vegna niðurstöðu gerðardómsins sem skal vera endanleg og bindandi fyrir aðila samnings þessa. Rísi ágreiningur um það hvað felist í úrskurði eða hvert sé umfang úrskurðar gerðardómsins, ber gerðadóminum skylda til að túlka úrskurðinn að beiðni hlutaðeigandi aðila.

#### 25. gr.

Í bókun þessari merkir

- (a) að „opinber starfsemi miðstöðvarinnar“ skuli fela í sér stjórnslu og starfsemi hennar sem framkvæmd er samkvæmt markmiðum hennar eins og skilgreint er í 2. gr. stofnsamningsins;
- (b) „starfsmenn“ skal einnig merkja framkvæmdastjóra miðstöðvarinnar.

#### 26. gr.

Bókun þessa skal túlka í ljósi meginmarkmiðs hennar að gera miðstöðinni kleift að uppfylla markmið sín á fullnægjandi og skilvirkan hátt og framfylgja verkefni sín samkvæmt stofnsamningnum.

## UNDIRRITANIR SAMNINGSINS OG BÓKUNARINNAR

<b>Ríki</b>	<b>Dagsetning undirritunar</b>
Austurríki	22. jan. 1974
Belgía	11. okt. 1973
Danmörk	11. okt. 1973
Finnland	11. okt. 1973
Frakkland	11. okt. 1973
Sambandslýðveldið Þýskaland	11. okt. 1973
Grikkland	11. okt. 1973
Lýðveldið Írland	11 okt. 1973
Ítalía	11. okt. 1973
Holland	11. okt. 1973
Portúgal	11. okt. 1973
Spánn	11. okt. 1973
Svíþjóð	11 Oct. 1973
Sviss	11 okt. 1973
Bretland	11 okt. 1973
Júgóslavía	11 okt. 1973